



Skoðun 27. apríl 2011

VELFERÐARTAP ÁN VAXTAR FREKARI STÖÐNUN EKKI KOSTUR

Þegar fjallað er um endurreisn hagkerfisins er gjarnan horft til þess hvernig efla megi hagvöxt. Að undanfögnu hefur þar meira farið fyrir orðum en gjörðum í þeim efnum, en til að hvetja til raunverulegra aðgerða er hér gerð tilraun til að sýna með tölulegum dæmum fram á mikilvægi þess að hagkerfið vaxi úr kreppunni. Áður en lengra er haldið er þó rétt að fjalla um ástæðu þess að gjarnan er vísað til hagvaxtar sem lausnar á flestum þeim efnahagsleguvandamálum sem steðja að landinu.


Endurreisn hagkerfisins þarf að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda í dag. Skjótur bati er forsenda þess að kostnaður vegna kreppunnar verði lágmarkaður og að það sem tapaðist verði endurheimt eins og kostur er. Frá bankahruni hefur landsframleiðsla á Íslandi dregist saman um tæplega 11% sem jafngildir því að verðmætasköpun hagkerfisins hafi dregist saman um 165 m.a. kr. á einungis tveimur árum.

Lífskjör Íslendinga ráðast af þeim verðmætum sem hagkerfið skapar og hagvöxtur er því undirstaða stöðugt bættra lífskjara. Íslendingar eru vanir því að kaupmáttur aukist um 1% til 3% árlega og til þess að viðhalda slíkri árlegri kaupmáttaraukningu þarf kröftugt atvinnulíf sem skapar verðmæti. Ef horft er til þróunar kaupmáttar undanfarna tvo áratugi, má sjá að kaupmáttaraukning helst í hendur við hagvöxt á mann líkt og mynd 1 ber með sér. Frá árinu 1990 hefur verðmætasköpun hvers Íslending vaxið um 32% en á sama tíma hefur kaupmáttur aukist um 31%. Því má segja að markmið um aukinn hagvöxt feli í sér markmið um bætt lífskjör.

Ef hagvöxtur verður veikur á komandi árum, líkt og spár segja til um, má reikna út að uppsafnað velferðartap vegna tapaðs hagvaxtar geti numið allt að 3.400 milljörðum til 2020. Í þessu samhengi er rétt að benda á að landsframleiðsla Íslands var rétt rúmlega 1.500 milljarðar árið 2009. Fjárhæðirnar sem hér um ræðir eru gríðarlega háar þar sem áhrif veikari vaxtar koma betur í ljós eftir því sem fram í sækir.

... meira farið fyrir orðum en gjörðum ...

Mynd 1 Há fylgni er á milli kaupmáttar og hagvaxtar.



... kröftugt atvinnulíf forsenda aukins kaupmáttar ...

... áætlun þarf til að styðja við innri vöxt ...

... fyrri hagvaxtarbraut náð 2019 með 4% árlegum vexti ...

ÁHERSLUR Í EVRÓPU

Efnahagsáfall raska gangverki hagkerfisins, störf tapast, framleiðsla dregst saman og verðmætasköpun þar með. Í kjölfar fjármálakreppunnar hafa því flest ríki hugað að því hvernig best er bregðast við. Evrópusambandið hefur t.a.m. lagt mikla áherslu á að ná sem kröftugastri uppsveiflu til að koma í veg fyrir velferðartap og aukið atvinnuleysi á næstu árum. Í þeim tilgangi hefur sambandið sett fram áætlun um að styðja við innri vöxt sem byggir á þekkingu, nýsköpun, sjálfbærri nýtingu auðlinda sem og bættri samkeppnisstöðu hagkerfisins almennt. Í skýrslu ESB er brugðið upp þremur sviðsmyndum um hvernig bati hagkerfisins geti litið út og áhrif þess á hagkerfið sem heild.


1. Sjálfbær vöxtur (e. sustainable recovery): Þar sem samstaða næst um langtímamarkmið til að efla framleiðni og samkeppnishæfni hagkerfisins svo stuðla megi að vinna upp það sem tapast hefur samhliða því að komast á sögulegan hagvaxtarferil hagkerfisins. Þannig er lífskjörum og velmegun við haldið.

2. Hægur bati (e. sluggish recovery): Þar sem hagkerfið vex á sama hraða og áður en lífskjör tapast til frambúðar vegna hægs bata hagkerfisins. Ekki tekst að vinna til baka þau verðmæti sem tapast hafa í kreppunni.

3. Áratugur tapast (e. lost decade): Loks getur hægur bati leitt til aukins

atvinnuleysis til frambúðar, minni samkeppnishæfni sem gæti falið í sér að áratugur tapist (e. lost decade). Slík þróun myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir lífskjör í samanburði við aðrar þjóðir.

Mynd 2 Þrjár mögulegar leiðir Íslands út úr kreppunni



Heimildir: Hagstofan; útreikningar Viðskiptaráðs

HAGVÖXTUR Á ÍSLANDI

Frá árinu 1973 hefur hagvöxtur að meðaltali verið 3,1%. Sú þróun gefur hugmynd um hvernig framleiðslugeta hagkerfisins vex til lengri tíma. Sá ferill segir til um það hvar framleiðsla í hagkerfinu gæti verið m.v. fulla nýtingu framleiðsluþátta. Samkvæmt hagspám er gert ráð fyrir hagvexti í ár á bilinu 0,5% til 2,8%. Þetta er breitt bil en ljóst er að svo veikur bati nægir ekki til að vinna til baka þau lífskjör sem hafa tapast.

Það er athyglisvert að setja efnahagsþróun hérlendis inn í þær þrjár sviðsmyndir sem eru nefndar hér að framan. Með þeim hætti má áætla kostnað þess að vaxa ekki út úr kreppunni, einskonar uppsafnað velferðartap við það að ná ekki að vinna til baka þau lífskjör sem hagkerfið hefur

burði til að veita þegnum sínum. Fyrir hvert ár sem hagvöxtur er veikur eykst velferðartapið og uppsöfnuð áhrif þess á lífskjör til lengri tíma geta verið umtalsverð.

Sviðsmynd 1 - Sjálfbær vöxtur: Þar má sjá að íslenska hagkerfið á enn nokkuð í land með að ná fyrri vaxtarferli. Verði viðspyrna hagkerfisins sterk og árlegur vöxtur til 2020 um 4% nær hagkerfið á fyrri hagvaxtarbraut árið 2019. Þetta mætti kalla jafnan langtímavöxt, þ.e. sá vöxtur sem kemur í veg fyrir varanlegt tap á samfélagsauði miðað við þann hagvöxt sem verið hefur undanfarna áratugi. Þrátt fyrir það mætti áætla uppsafnaðan kostnað kreppunnar í tapaðri

verðmætasköpun, þ.e. velferðartap um 610 m.a. kr.

Sviðsmynd 2 - Veikur bati: Ef batinn yrði veikur og vöxtur um 2,5% að meðaltali, þá verður velferðartapið varanlegt. Miðað við fyrirliggjandi hagspár er þetta líkleg niðurstaða. Áætlað uppsafnað velferðartap næmi þó tæplega 2.100 m.ö. kr. til ársins 2020, miðað við að hagvöxtur hefði orðið sá sem langtímameðaltal gefur tilefni til að vænta. M.v. þessa sviðsmynd er áhrifin á lífskjör, þ.e. velferðartapið, varanlegt.

Sviðsmynd 3 - Tapaður áratugur: Ef hins vegar batinn verður enn hægari, eða 1%, þá gæti verðmætatap vel numið 3.400 m.ö. kr. fram til ársins 2020. Tapaður áratugur fæli ekki aðeins í sér mikið tap heldur yrði atvinnuleysi einnig verulegt á þessum tíma.

Til að setja þessar fjárhæðir í samhengi þá er mögulegt að reikna út hver áhrif veiks bata á kaupmátt einstaklinga. Tengsl hagvaxtar og kaupmáttar eru skýr líkt og minnst var á hér að framan. Landsframleiðsla á mann árið 2010 voru tæpar 4,6 m. kr. Ef fram fer sem horfir og hagkerfið vex í samræmi við spár (þ.e. sviðsmynd 2) og ekki næst að vinna upp það sem tapast hefur, þá verður landsframleiðsla um 5,4 m.kr. á hvern mann árið 2020 en um 6,3 m.kr. ef batinn verður sterkari. Þarna myndi muna 17% í kaupmætti á hvern Íslending árið 2020. Munurinn er umtalsvert meiri ef batinn verður enn veikari en spár gera ráð fyrir.

NÝTUM SLAKANN Í HAGKERFINU

Umtalsverður slaki er nú í íslensku hagkerfi. Í *Peningamálum Seðlabankans* frá maí 2010 er bent á að þegar núverandi kreppa er borin saman við síðustu tvær, árið 1990 og 1967, má sjá að kreppan nú er dýpri og viðspyrna hagkerfisins minni. Raunar er viðspyrna hagkerfisins enn minni en spá og áætlanir Seðlabankans gerðu ráð fyrir í maí 2010 m.v. þau gögn og spár sem nú liggja fyrir.

Slakinn í hagkerfinu endurspeglast vel í vannýttum framleiðslupáttum, s.s. mannauði, fjármagni, auðlindum og þekkingu. Til dæmis hefur einstaklingum í fullu starfi fækkað um tæplega 17 þúsund frá lokum árs 2007. Þar að auki áætla Seðlabankinn að um 28.000 þúsund ársverk hafi tapast frá miðju ári 2008 fram í maí 2010.

EIGUM VIÐ ENN LENGRA Í LAND?


Greinandi Danske Bank spáði því fyrir skömmu að hagvöxtur hérlendis yrði 3-4% á næstu árum sem er bjartsýnna mat en hjá mörgum öðrum aðilum. Ein helsta ástæða þess er að Danske Bank gerir ráð fyrir að meiri slaki sé í hagkerfinu en aðrir spáaðilar, t.a.m er spáð tæplega 10% atvinnuleysi á komandi árum. Mikill framleiðsluslaki er merki um vannýtingu á ýmsum framleiðslupáttum og m.v. við mat bankans eigum við enn lengra í land en aðrir hafa spáð til að ná fullri nýtingu. Erfitt er að sjá að spá bankans sé því mikið fagnaðarefni.

AÐ ÓBREYTTTRI STEFNU

Nú þegar skammt er til loka formlegs samstarf stjórnvalda og AGS í efnahagsmálum er endurskipulagning íslensks hagkerfis á vissum krossgötum. Brotthvarf sjóðsins dregur ekki úr þörf á ráðdeild í ríkisrekstri né heldur á að umsvif í hagkerfinu aukist. Þvert á móti. Staða efnahagsmála er enn erfið og hagvöxtur lætur á sér standa. Af þeim sökum er afar brýnt að forgangsroðun


... verðmætatap gæti numið 3.400 mö. kr. ef árlegur vöxtur er um 1% ...

Mynd 3 Landsframleiðsla á þremur samdráttarskeiðum í Íslandssöggunni miðað við síðasta ár fyrir samdrátt.



Heimild: Seðlabankinn

Mynd 4 Mikill framleiðsluslaki hefur myndast í hagkerfinu.



Heimild: Seðlabankinn

... kreppan er nú dýpri og viðspyrna hagkerfisins minni ...

... stjórnvöld hafa
að mörgu leyti
haft neikvæð áhrif
á uppbyggingu
hagkerfisins ...

verkefna sé skýr og miði að hagsmunum heildar og verðmætasköpun til lengri tíma. Einleikur stjórnvalda í skattamálum, sífelldar breytinga á lagaumhverfi rekstrar og óvissa um stefnumörkun í grunngreinum íslensks atvinnulífs gengur þvert á þessi markmið og er til þess fallið að draga úr sterkum bata. Öll óvissa og óstöðugleiki sem þessar áherslur skapa hefur skaðleg áhrif á hagvöxt og því hafa vinnubrögð stjórnvalda að mörgu leyti haft neikvæð áhrif á uppbyggingu hagkerfisins. Erfitt er að sjá að þær greinar sem búa nú við óvissu geti dregið hagvaxtarvagninn á komandi árum án breyttrar stefnu stjórnvalda.

VEIKUR BATI Í ALPJÓÐLEGUM SAMANBURÐI

Í nýlegri spá AGS (World Economic outlook) um þróun hagkerfa heimsins til ársins 2016 kemur Ísland afar illa út og eru hagvaxtarhorfur einna dekkstar hér á landi. Þegar horft er til alls tímabilsins, frá 2008 til 2016, þá er meðalhagvöxtur hér á landi um 0,8% sem er níundi slakasti árangurinn af þeim 183 löndum sem spáin nær til. Meðalhagvöxtur þeirra ríkja sem spáin nær til er tæplega 4%. Litlu breytir ef horft er til „endurreisnaráranna“, þ.e. 2010 til 2013 þá fæst sama niðurstaða eða níunda neðsta sæti. Ef menn vilja teygja sig enn frekar og horfa til 2011 til 2016 þegar öll áhrif og eftirköst kreppunnar ættu að vera komin fram þá er hagvöxtur enn afar veikur og er Ísland þá í 144 sæti. Hvernig sem horft er á þessar tölur þá er ljóst að batinn er langt frá því að vera viðundandi.

Bati hagkerfisins er mikilvægur til að endurheimta þau lífskjör sem tapast hafa sem og viðhalda þeirri lífskjaraaukningu sem hagkerfið hefur burði til að veita. Í *Peningamálum Seðlabankans* frá því 20 apríl síðastliðinn kemur fram að sú framleiðsla og lífskjör sem hafa tapast yrði að fullu endurheimt um mitt ár 2014. Það er vissulega jákvætt. Hinsvegar ber að forðast að falla í þá gryfju að stefna á stöðnun með það að markmiði að viðhalda ákveðnum lífskjörum heldur á markmiðið að vera að stuðla að og viðhalda stöðugri lífskjaraaukningu frá ári til árs. Stöðnun er ekki kostur í stöðunni.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Langtímahagvöxtur byggir á þrennu; fjármagni, mannauði og tækniframförum. Besta leið stjórnvalda til að stuðla að auknum, sjálfbærum hagvexti er því að efla þetta þrennt með stefnu sinni. Umhverfið þarf að vera til þess fallið að einstaklingum og fyrirtækjum sé umbunað fyrir að leggja sitt af mörkum og taka áhættu með því að stofna til atvinnurekstrar. Vaxtarbrodd hagkerfisins má finna hjá þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem ráðast í fjárfestingar og nýta þar með mannauðinn sem er til staðar.

Eðlilegt er að slíkur rekstur sé áhættusamur enda ógerningur að sjá fyrir með vissu hvort fjárfestingar sem ráðist er í muni skila arði. Ef þeim sem taka umtalsverða áhættu er ekki umbunað fyrir að skapa verðmæti og atvinnu, þá erum við á rangri braut.

EFLA FJÁRFESTINGU

Næra þarf rætur hagvaxtar ef markmið um aukinn hagvöxt eiga að nást. Til að endurreisa hagkerfið og koma af stað hagvexti er nauðsynlegt að fjárfesting verði aukin til mikilla muna. Aukin fjárfesting, í vélum og tækjum, markaðssókn, og í menntun og rannsóknum leiðir til aukinnar atvinnu. Frá bankahruni hefur fjárfesting í atvinnulífinu verið í sögulegu lágmarki. Þetta er ekki óeðlilegt miðað við þá óvissu sem ríkt hefur frá hruni, samfara umfangsmiklum skattabreytingum og samdrætti í eftirspurn. Vísbendingar eru þó um jákvæðan hagvöxt á síðasta ársfjórðungi 2010. Sá vöxtur byggði hinsvegar að miklu leyti á aukinni einkaneyslu, sem verður aldrei varanlegur grunnur eflingar hagkerfisins.

Aukin verðmætasköpun er grundvöllur varanlegs hagvaxtar. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að framleiðslugeta hagkerfisins vaxi án þess að fjárfest sé í þeim tækifærum sem fyrirfinnast í atvinnulífinu. Fjárfesting er nú í sögulegu lágmarki, eða um 13% af landsframleiðslu en það að nýta tækifærin er nauðsynleg forsenda vaxtar hagkerfisins.

... efla þarf fjárfestingu,
mannauð og
tækniframfarir ...

... aukin
verðmætasköpun
grundvöllur varanlegs
hagvaxtar ...

Afleiðing þess að fjárfestingu skortir má t.a.m glögglega sjá í fjölmörgum útflutningsgreinum. Vegna þess hversu hve gengi krónunnar hefur lækkað, hafa útflutningsgreinar skilað auknum gjaldeyri til landsins þó útflutningur hafi í raun ekkert aukist. Það væri óraunhæft að gera ráð fyrir að magn útflutnings muni aukast að nokkru marki og störf verði til án þess að fjárfest sé í innviðum greinanna. Þar að auki er framleiðslugeta margra útflutningsgreina háð náttúrulegum takmörkunum, sem knýr enn fremur á um fjárfestingu í tækni sem gefur af sér aukna framleiðni.

FJÁRFESTUM Í TÆKIFÆRUM

Rétt er að halda því til haga að þrátt fyrir bankahrunið 2008 þá eru flestar grunnstoðir íslensks hagkerfis traustar. Á þeim stoðum getum við byggt öflugan hagvöxt en til þess þarf viðhorf og sýn gangvart atvinnulífinu að breytast. Fjölmargir vaxtarbroddar hafa mótast og núverandi staða hagkerfisins í alþjóðlegu samhengi er um margt hagfelld. Þegar horft er til þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað undanfarna mánuði er of fátt sem gefur tilefni til bjartsýni. Í fjölmiðlum fer mun meira fyrir neikvæðum fréttum og oft og tíðum lítið fjallað um þær jákvæðu. Nauðsyn er á raunsærri sýn á atvinnulífið og í því felst að raunverulegum tækifærum sé gaumur gefinn til jafns við hætturnar.

Viðskiptaráð fjallaði m.a. um þau tækifæri sem eru til staðar í skýrslu sem ráðið gaf út á Viðskiptaþingi í febrúar undir yfirskriftinni *Tökumst á við tækifærin - atvinnulíf til athafna*. Markmið skýrslunnar var að benda á þau tækifæri sem eru til staðar og það uppbyggilega sem finna má í atvinnulífinu. Slík tækifæri þurfa frekari umfjöllunar við.

Engu að síður er ljóst að hagkerfið hefur látið á sjá í yfirstandandi efnahagslægð með alvarlegum afleiðingum fyrir alla landsmenn. Þá verður að hafa í huga að áframhaldandi góð staða hagkerfisins mun ekki vara án fyrirhafnar. En takist að byggja ákvarðanir á því sem vel hefur verið gert og draga lærdóm af atburðum síðustu missera, verður hagur komandi kynslóða ágætur. Hagsmunir allra Íslendinga eru nátengdir. Þessir sameiginlegu hagsmunir krefjast þess að horft sé til framtíðar og stefnt að vexti. Koma verður í veg fyrir að áhrif núverandi efnahagssamdráttar muni vara til 2020 sökum veiks efnahagslegs bata en það verður eingöngu gert með því að efla hagvöxt. Skýr framtíðarsýn og aðgerðaráætlun sem miðar að aukinni verðmætasköpun og hagvexti ætti því ætíð að vera í forgrunni í aðgerðum stjórnvalda sem og atvinnulífs.

Nánari upplýsingar veita Björn Þór Arnarson hagfræðingur og Haraldur I. Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri í síma 510-7100. Smellið hér fyrir fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs.

... flestar grunnstoðir hagkerfisins eru enn traustar ...

... skýr aðgerðaráætlun um aukinn hagvöxt verður að vera í forgrunni hjá stjórnvöldum og atvinnulífi ...